

Athugun á vandamálum  
í uppeldi skógarplantna

Guðmundur Halldórsson  
og  
Halldór Sverrisson



RANNSÓKNASTÖÐ  
SKÓGRÆKTAR RÍKISINS

Fjöldit Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins  
Nr. 1  
Janúar 1992

Athugun á vandamálum  
í uppfeldi skógarplantna

Guðmundur Halldórsson  
og  
Halldór Sverrisson

## Inngangur


Árið 1991 voru framleiddar um 2,6 milljónir skógarplantna hjá gróðrastöðvum Skógræktar ríkisins. Megnið af þeim plöntum er verðlagt á 18 kr. stykkið. Framleiðsluverðmætið er því 40-50 milljónir króna. Hér er um veruleg verðmæti að ræða og full ástæða til að fylgjast með því hver eru helstu vandamál sem að þessari framleiðslu steðja.

Skipulegar rannsóknir á skaðvöldum í uppeldi skógarplantna hafa ekki farið fram hér á landi. Erlendis verða oft tölverð skakkaföll í gróðrastöðvum af völdum sjúkdóma og meindýra og er mikil áhersla lögð á varnir gegn þeim.

## Meindýr í uppeldi skógarplantna

Þekking á meindýrum í uppeldi skógarplantna hér á landi er mjög brotakennd. Þó er vitað að hér finnast sum þeirra dýra, sem valda spjöllum á plöntum í uppeldi á hinum Norðurlöndunum, eða skyldar tegundir með svipaða lifnaðarhætti. Verður hér gerð stuttlega grein fyrir þessum tegundum og því tjóni, sem vitað er að þær valda hérlandis og erlendis.

Lirfur smellibjalla (Elateridae) geta valdið skaða í uppeldi. Þær lifa á dauðum eða lífandi plöntuhlutum í jarðvegi og er oft urmull af þeim í graslendi (t.d. gömlum túnum). Þegar sliku landi er bylt, og það tekið undir aðra ræktun, geta lirfurnar valdið miklu tjóni. Erlendis er þetta þekkt vandamál í landbúnaði og garðrækt, en einnig í uppeldi skógarplantna. Hér á landi er ein smellibjölltegund algeng um land allt, bakkasmella (Hypnoidus riparius), en auk þess hefur garðasmella (Aegriotes lineatus) fundist sem slæðingur.



Garðasmella, fullorðið dýr  
(Chinery, 1977)




Smellibjalla, lirfa  
(Gram, Bovien og Stapel, 1975)


Lirfa bakkasmella er algeng í jarðvegi í graslendi, en ekkert er vitað um hvort hún veldur hér spjöllum. Ólíklegt er að bakkasmellulirfur valdi tjóni á plöntum í bökkum í húsi, eða bökkum sem standa úti yfir sumartímann, en hugsanlegt er að þær geti gert usla í beðum.

Ranabjöllur af ættkvíslinni Otiorhvncus og lirfur þeirra eru þekkt meindýr á ungplöntum í uppeldi og á nýgróðursettum skógarplöntum. Hér á landi hafa fundist sjö tegundir ranabjallna af þessarri ættkvísl, þar af eru þrjár erlendir slæðingar. Tvær þessarar tegunda, latakind (Otiorhvncus nodosus) - einnig nefnd hélurani - og gróðurhúsaranabjalla (Otiorhvncus sulcatus) hafa orsakað spjöll á plöntum í gróðrastöðvum hér á landi. Latakind leggst auk þess á nýgróðursettar

skógarplöntur. Bæði lirfur og fullorðnar ranabjöllur eru skaðleg. Lirfan étur rætur, en fullorðna dýrið ofanjarðarhluta, gjarnan rótarhálsinn og er rótarháls smáplantna oft bitinn alveg í sundur.



Ranabjalla (O. laevigatus),  
fullorðið dýr (Stanek, 1974)



Ranabjalla (O. ligustici),  
lirfa á rót (Gram, Bovien og  
Stapel 1975)

Bæði nag lirfa og fullorðinna dýra skerðir upptöku plöntunnar á vatni og næringarefnum, enda eru einkennin ekki ósvipuð þurrkskemmdum.


Hrossaflugulirfur (Tipulidae sp.) éta rætur plantna, sem standa í röku landi, og geta einnig skaðað rótarháls plantnanna sé votviðrasamt. Tjón af völdum þeirra er þó sjaldséð a.m.k. í Noregi og Svíþjóð. Hér á landi eru þrjár tegundir. Ekki er vitað til þess að hrossaflugulirfur hafi valdið tjóni á skógarplöntum í uppeldi hér á landi.

Svarðmý (Sciaridae sp.) er oft mjög áberandi í gróðurhúsum. Hér á landi munu vera 16 tegundir svarðmýs. Talið hefur verið að svarðmýslirfur hafi valdið afföllum á aspargræðlingum, en oft er mikill urmull svarðmýslirfa í mold, einkum þar sem rakt er. Ekki liggja þó fyrir neinar rannsóknir, sem sýni með ótvíræðum hætti fram á skaðsemi svarðmýslirfa. Aftur á móti er vitað að lirfur margra svarðmýstegunda éta sveppþræði í mold.

Stökkmor (Collembola sp.) er einnig ákaflega algengt í gróðurhúsum. Hér á landi finnast yfir 70 tegundir stökkmors. Yfirleitt er stökkmor til bóta í mold, þar eð það flýtir fyrir niðurbröti plöntuleifa. Vissar tegundir stökkmors geta þó verið skaðlegar, sé fjöldi þeirra mikill. Valda þær fyrst og fremst tjóni á kímplöntum. Á það einkum við um sumar tegundir gullmors (Sminthuridae).



Gullmor (Sminthurinus aureus)  
(Hrefna Sigurjónsdóttir og  
Árni Einarsson 1989)



Blámor (Isotoma notabilis)  
(Hrefna Sigurjónsdóttir og  
Árni Einarsson 1989)

Barrköngulingur (Oligonychus ununguis) er ekki skordýr, heldur áttfætlumaður. Hér á landi er hann fyrst og fremst þekktur fyrir að leggjast á skógartré, en erlendis er hann einkum talinn vera vandamál í uppeldinu. Köngulingur drepar ekki tré, en plöntur sem smitast í uppeldi eiga erfitt uppdráttar eftir útplöntun og bera auk þess

með sér smit. Það síðarnefnda er ekki síður mikilvægt þar eð kóngulingur breiðist mjög hægt út af eigin rammleik.

## Heimildir

Chinery,M. (1977): A field guide to the insects of Britain and Northern Europe. Collins 1977.

Gram,E., Bovien,P., Stapel,C. (1975): Sygdomme og skadedyr i landbrugsafgröder. Kaupmannahöfn 1975.

Hrefna Sigurjónsdóttir og Árni Einarsson (1989): Pöddur, Rit Landverndar 9. Reykjavík 1989.

Stanek,V.,J. (1974): Stóra skordýrabók Fjölvá, þýdd og endursögð af Þorsteini Thorarensen. Reykjavík 1974.

## Sjúkdómar í uppeldi skógarplantna

Litið hefur verið um það vitað hvaða sjúkdómar það eru sem mestu tjóni valda á trjáplöntum í uppeldi hérlandis. Þó má ætla að flestar þær tegundir skaðlegra örvera sem algengar eru erlendis séu einnig til staðar í íslenskum gróðrarstöðvum. Þó kann að vera að sumir sjúkdómsvaldar séu hér sjaldséðir vegna fjarlægðar landsins frá öðrum löndum. Einig kann að vera að skaðlegustu afbrigði sjúkdómsvaldanna hafi ekki borist hingað. Má þar t.d. nefna afbrigði sveppa sem hafa öðlast mikið þol fyrir sveppalyfjum. Oft er einnig bent á að í gróðrarstöðvum hér á landi eru að mestu ræktaðar innfluttar tegundir sem ekki hafa náttúrulega skaðvalda með sér og að þessar tegundir mynda óvíða skóga sem geta viðhaldið sjúkdómsvöldunum hér á landi. Þetta getur skapað falska öryggistilfinningu vegna þess að sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að skaðvaldar berist hingað og nái að breiðast út. Líklegt er að einkum geti þetta átt við um svonefnda nauðbundna sníkjusveppi þ.e. t.d. ryðsveppi, mjölsveppi og fleiri tegundir sem einungis geta lifað sem sníklar og hafa oft millihýsil. Þessir sjúkdómar eru þó alla jafna meira vandamál í skóginum sjálfum en í gróðrarstöðvum.

Í granninöndum okkar hafa vandamál í uppeldi trjáa verið allnokkur og hafa töluvert verið rannsökuð á síðari árum. Í því sem hér fer á eftir er að mestu stuðst við sænskar, finnskar og breskar heimildir.

## 1. Sveppir sem geta skaðað fræ

Þó svo að könglar og reklar séu ekki í beinni snertingu við jarðveg sýnir reynslan að gró ýmissa jarðvegssveppa geta borist í fræ uppi í trjám. Þó er mun meiri hætta á þessu ef fræ er tínt af jörðu eða hreinlætis ekki gætt við söfnun og meðferð. Flestir sveppir sem skemma fræ gera það einungis ef skilyrði eru þeim hagstæð þ.e. nægur raki og hitastig sem hentar þeim. Um er að ræða algenga rotsveppi og tækifærissníkla svo sem Mucor, Rhizopus, Penicillium, Botrytis (grásvepp), Sclerotinia, Gliocladium og jafnvel Trichoderma (spanskgrænusvepp) sem sjaldan er talinn til sníkla. Einnig er um að ræða sveppi sem geta sýkt rætur plantna síðar, t.d. Rhizoctonia (rótarflókasvepp) og Cylindrocarpon. Varnir gegn sveppaskemmdum á fræi byggjast mest á því að þurka fræið fljótt og vel og að geyma það við réit raka- og hitastig. Meðhöndlun með alhliða sveppalyfjum getur stundum verið til bóta.

## 2. Sveppir sem skaða kímplöntur og eldri plöntur

### 2.a. Sjúkdómar á kímplönum og rónum

Í erlendum heimildum er oft greint á milli sjúkdómseinkenna hjá kímplöntum eftir því hvort sveppurinn drepur plöntuna áður en hún kemur í ljós (þ.e. í spírandi fræi eða ofan í jörðinni) eða hvort plantan veltur um koll eftir að hún er komin upp og hefur breitt út kímblöð sín (fallsýki). Í fyrri nefnda tilfellinu er oft afar hætt við að lélegri spírun fræsins sé kennt um.

Gott er því að skoða sáðbeðinn vandlega við spírun og ganga úr skugga um hverju er um að kenna þegar "spírun" er minni en við var búist. Reyndar má búast við að sveppir sem ráðast á spírandi fræ muni einnig ráðast á rætur eldri plantna. Því er hægt að grípa inn með sveppalyfjagjöf fyrir ef vandinn er réit greindur í upphafi. Þær sveppaættkvíslir sem ráðast á rætur og kímplöntur eru einkum þessar: Pythium sem er þörungasveppur (Phycomycetes) og er ekki talinn fræborinn, Alternaria, Fusarium, Cylindrocarpon og Rhizoctonia (rótarflókasveppur) sem allar geta borist með fræi þótt jarðvegssveppir séu. Alhliða sveppalyf (Orthocid, Euparen o.fl.) hafa öll nokkra verkun gegn þessum sveppum en kerfislyf eins og Benlate, Derosal, Fongarid og Previcur eru áhrifameiri gegn þeim sveppum sem þau á annað borð verka á (tvö síðastnefndu lyfin verka aðeins á þörungasveppi en þau fyttnefndu á flesta aðra sveppi).

### 2.b. Sveppusjúkdómar á sprota, blöðum og barrí

Sá sjúkdómur sem án efa er mestur skaðvaldur á barrtrjárn í uppeldi hér á landi er grámygla sem orsakast af grúsvepp (Botrytis cinerea). Þó er líklegt að lerki sé síður viðkvæmt en aðrar tegundir. Sveppurinn leggst á barr og sprota plantnanna og veldur visnun. Þetta á sér einkum stað síðla sumars þegar plönturnar eru orðnar það

stórar að þær loka rakt loft undir sér og á milli sín. Við það myndast sérstakt lágvíðri í plöntulaginu sem hentar sveppum vel. Þegar líður á haustið má oft sjá gular og visnaðar greinar eða heilar plöntur og svört dvalahnýði sveppsins á barri og sprotum.

Varnir gegn þessum sjúkdómi eru fyrst og fremst loftslagsstýring og sveppalyfjagjöf. Euparen og Benlate hafa mest verið notuð hér á landi en benda má einnig á Derosal sem er kerfislyf. Sveppalyfið Bravo er nokkuð notað erlendis en er ekki skráð hér.



Barrnálar af stafafuru með gróhúsum af *Sirococcus strobilinus* (til hægri) og dvalahnýðum af *Bostrychus cinereus* (til vinstri)



Barrnálar af stafafuru með gróhúsum af *Sirococcus strobilinus*

*Sirococcus strobilinus* er sveppur sem leggst á barr grenis og furu í grannlöndum okkar. Hann hefur ekki fundist hér.

*Meria laricis* er sveppur sem veldur nálfalli á lerki, bæði evrópu- og síberíulerki í N-Evrópu. Ekki er vitað til þess að þessi sveppur hafi gert usla í hérlandum gróðrarstöðvum.

*Lonchodermium sedulosum* eða *L. dinastri* er sveppur veldur nálfalli á furu víða um heim. Mest tjón verður ef gróðrarstöðin er nærrí furuskógi. *L. dinastri* hefur fundist hér í fjallafuru en ekki er vitað um tjón í gróðrarstöðvum.

## Lýsing verkefnis

Haustið 1989 hófu sérfræðingar á rannsóknastöðinni á Mógilsá söfnun upplýsinga um vandamál í gróðrastöðvum skógræktarinnar. Ábyrgðamaður verkefnisins var þá Úlfur Óskarsson. Ákveðið var að halda þessu verkefni áfram þegar verkefnaskrá rannsóknastöðvarinnar var gerð í byrjun árs 1991. Núverandi ábyrgðarmaður verkefnisins er Guðmundur Halldórsson, en verkefnið er unnið í samvinnu við Dr. Halldór Sverrisson plöntusjúkdómasérfræðing á Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Helstu rannsóknaspurningar eru þjárl:

- 1) Hvaða sjúkdómar, meindýr eða aðstæður valda mestu um afföll og gæðarýrnun á plöntum í uppeldi?
- 2) Hver eru algengustu vandamálin á mismunandi stigum í plöntuuppeldi?
- 3) Hver eru einföldustu ráðin til að bæta árangur í uppeldi?

Verkefnið er unnið á öllum gróðrastöðvum Skógræktar ríkisins og í gróðrastöð Skógræktarfélags Reykjavíkur. Hvíldu verklegar framkvæmdir að langmestu leyti á herðum starfsmanna þessara stöðva.

## Framkvæmdir

Við sáningu, vor og fyrrihluta sumars 1991, voru merktir nokkrir bakkar af hluta þeirra tegunda/kvæma, sem sáð var til. Þess var gætt að merktu bakkarnir dreifðust sem jafnast um húsín, en þó voru ekki settir neinir bakkar á þá staði, sem vitað var að væru á einhvern hátt afbrigðilegir (kantar). Í þessum bökkum voru gerðar eftirtaldar athuganir:

- 1) Ákvarðaður var meðalfjöldi fræja, sem sáð var í hvern bakka.
- 2) Fjöldi plantna sem komu upp.
- 3) Út frá þessum upplýsingum var spírunarprósenta reiknuð.
- 4) Talin tóm hólf þegar spírun var lokið.
- 5) Talinn fjöldi plantna að grisjun lokinni.
- 6) Út frá plöntufjölda í upphafi sumars og fjölda hólfra í bökkum var reiknuð % nýting, þ.e.a.s. hversu stór hluti bakkanna nýttist til plöntuframleiðslu.
- 7) Fylgst var með plöntunum allt sumarið uns þær voru settar út og skráð öll vandamál. Bæði hvað varðaði sjúkdóma og meindýr og eins vandmál af öðrum toga.
- 8) Í lok sumars var farið vandlega yfir bakkana og sumarafföll ákvörðuð.
- 9) Í vetrarlok verða bakkarnir skoðaðir enn á ný og vetrarafföll ákvörðuð.

## Helstu niðurstöður

Fyrstu rannsóknaspurningunni um helstu orsakir affalla í uppeldi verður ekki svarað að fullu, fyrir en vetrarafföll hafa verið ákvörðuð. Sumarafföll voru hinsvegar mjög lítil (sjá töflu 2). Af þeim tegundum, sem eitthvað verulegt var ræktað af voru sumarafföll einna mest á birki. Í mörgum tilvikum voru sumarafföll engin og í meirihluta tegunda voru sumarafföll undir einu prósentí.

Sjúkdómar voru því afar fáséðir og meindýr enn fáséðari. Fáeinrar stafafuruplöntur drápust af grámyglu, og ranabjalla varð örfáum hvítgreniplöntum að aldurtila. Nokkuð bar á mosa í pottum og dregur hann greinilega verulega úr vexti plantna þar sem hann kemur upp. Á fjallaþin á Hallormsstað komu fram neikvæð afföll, sem er vegna þess að þar voru að spíra plöntur fram eftir sumri.

Helsta vandamálið í uppeldi er misjöfn spírun (tafla 1). Eftir að plönturnar hafa spírað er sáralitið um skakkaföll. Lökust var spírun fjallaþins 3-16% og spírun lerkis fór allt niður í 23%. Aðrar tegundir voru þar fyrir ofan. Þar sem spírun var reiknuð út frá meðalfræmagni í bakka kemur fyrir að spírun reiknast meiri en 100%, sem stafar þá vitanlega af misjafnri dreifingu fræs í bakkana.

Nýting húsanna (sjá töflu 2) ræðst af sáðmagni og spírunarprósentu. Þó er sumstaðar dreifsett í tóm hólf og fæst þá betri nýting, en að sjálfsögðu kostar dreifsetningin sitt. Dreifsett var í alla bakka hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur og á Grundarhóli var dreifsett í meirihluta bakka. Dreifsetning krefst hinsvegar mikils mannafla í stuttan tíma og því oft erfitt að koma henni við. Nýting var víðast á bilinu 60-100%, þar sem ekki er dreifsett.

Reynsla þessa eina sumars er því sú að mjög lítið sé um sjúkdóma og meindýr í uppeldi skógarplantna hér á landi. Gildir þar einu hvort um er að ræða stöðvar þar sem lyfjum er beitt reglulega eða stöðvar þar sem um mjög litla notkun þeirra er að ræða. Telja má líklegt að ræktun í fjölpottabökkum stuðli að heilbrigðari ræktun, þar eð ræktun hverrar plöntu í sér potti torveldar útbreiðslu smits. Þær úrbætur sem brýnastar eru snúa því allar að fræi og frægæðum. Eins og málum er nú háttar er nýting húsanna mjög misjöfn. Tóm göt eru í reynd væntanlega öllu dýrari í "uppeldi", en plöntur, þar eð leggja þarf vinnu í sameiningu í bökkum ef þeir eru ekki fullnýttir. Sú vinna sparast að sjálfsögðu ef bakkarnir eru fullir. Full nýting bakka næst hinsvegar ekki nema með dreifsetningu eða fræi, sem er með nánast 100% spírun og nákvæmum sáningarárvélum.

## Grundarhóll

Áburður: Stofnlausn 1,25 0/00 í 500 lítra ker. 20 kg Pioneer Hornum Makro, 5 kg monokalífosfat, 7,5 kg brennisteinskalí og 5 lítrar Pioneer Hornum Mikro. 100 lítra tunna, 5 kg kalksaltpétur.

Áburður var fyrst gefinn 18 dögum eftir sáningu. Var leiðnitala þá höfð 1 en fljótlega hækkuð í 1,5.

Mold: Närkes Hasselfors. Í hverjum rúmmetra  $\frac{1}{2}$  kg kalk og  $\frac{1}{2}$  kg dólómítkalk.

Sveðpaúðun: 03/5: 0,20% Orthocid  
03/7: 0,20% Plantvax

Hitastig: Á meðan fræið var að spíra var hiti  $22^{\circ}\text{C}$  á daginn og undirhitu hafður bæði dag og nótt spírunartímann. Um 10 júní var hitinn lækkaður í  $18^{\circ}\text{C}$ . 20. júní voru plönturnar teknar út úr húsi og settar til ræktunar á útiplani.

Perlit: Eftir sáningu var fræið hulið með perlit. Spurning hvort það hefur eitthvað að segja. Við dreifsetningu (prikklun) reyndist það heldur til trafala.

Annað: Vegna vandamála með hitaveitu bar nokkuð á misjöfnum vexti.

**Stöð: Grundarhóll**

Tegund/kvæmi: Stafafura, Taraldsøy  
Sáningartími: 2-Apr  
Fjöldi gata: 67

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tómra hólfu	Fjöldi pl. í upphafi sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% sumar aftöll
1	152	146	96,05	9	58	67	86,57	57	1,72
2	152	140	92,11	7	60	67	89,55	59	1,67
3	152					67			
4	152	224	147,37	6	67	67	100,00	66	1,49
5	152	122	80,26	12	55	67	82,09	54	1,82
6	152	209	137,50	5	67	67	100,00	67	0,00
7	152	101	66,45	12	55	67	82,09	55	0,00
8	152	104	68,42	15	67	67	100,00	67	0,00
9	152	148	97,37	8	59	67	88,06	58	1,69
10	152	177	116,45	7	67	67	100,00	67	0,00
11	152	98	64,47	17	50	67	74,63	49	2,00
12	152	210	138,16	5	67	67	100,00	67	0,00
13	152	92	60,53	13	67	67	100,00	67	0,00
14	152	79	51,97	14	67	67	100,00	67	0,00
15	152	119	78,29	8	67	67	100,00	66	1,49
16	152				67	67	100,00	67	0,00
Meðaltal		140,64	92,53	9,8571	62,667	67	93,532	62,2	0,74

Tegund/kvæmi Birki  
Sáningartími: 27-Mar Dreifsað  
Fjöldi gata: 67

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tómra	Fjöldi pl. í upphafi sumars	Fjöldi hólfra	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% sumar aftöll
				hólfra	sumars	hólfra	nýting	sumars	sumar aftöll
1		417		0	67	67	100,00	57	14,93
2		308		0	67	67	100,00	67	0,00
3		282		3	67	67	100,00	66	1,49
4		244		7	67	67	100,00	66	1,49
5		201		2	67	67	100,00	66	1,49
6		236		0	67	67	100,00	66	1,49
7		229		1	67	67	100,00	61	8,96
8		155		1	67	67	100,00	63	5,97
<b>Meðaltal</b>		<b>259</b>		<b>1,75</b>	<b>67</b>	<b>67</b>	<b>100</b>	<b>64</b>	<b>4,48</b>

## Hallormsstaður

Torfið reyndist of súrt þegar það kom og var því bætt í það kalki. Eftir að sáningu var lokið var torfið gegnumbleytt og er uppgefinn sáningardagur miðaður við upphaf vökvunar. Enginn áburður var gefinn fyrr en fræið var byrjað að missa fræhettu. Yfir vaxtartímann var gefinn áburðarblaða - Ammonium Nítrat, Pioner Hornum makro og mikro - 192 mg N/L. Í ágúst var gefin nlanda án NH<sub>4</sub>NO<sub>3</sub> - 126 mg N/L.

## Hús 1

Áburðargjöf: Hófst 27/5, 16 dögum eftir sáningu. Þá var vökvað með leiðnitölu 0,8 m.. Fljótlega var farið að vökva með leiðnitölu 1,4 ms., en annars gekk illa að ná upp áburði í moldinni og eins að halda réttri leiðnitölu í vatninu. Um mánaðarmótin júlí-ágúst misstum við leiðnitöluna upp í ca 4 ms. og var líttill áburður gefinn eftir það þar sem langan tíma tók að ná tölunni niður.

Svenpaúðun: 22/5: 0,15% Orthocid  
 06/8: 0,20% Euparen  
 21/8: 0,20% Benlate og 0,10% Euparen  
 04/9: 0,20% Euparen

Hitastig: Yfir spírunartímann var hitinn 17°C að nóttu en 23°C að degi. Yfir vaxtartímann rokkaði hitastigið talsvert.

Vöxtur: 09/7; var stærð plantna ca. 3-4 cm  
 02/8; var stærð plantna 10-15 cm  
 14/8; var stærð plantna 15-25 cm og um þriðjungur plantna hafði myndað endabrum  
 29/8; allar plöntur með vel þroskað endabrum

Annað: Afföll urðu þegar hitapulsa rifnaði 31. maí þegar plönturnar voru á mjög viðkvæmu stigi. Í nokkur hundruð bökkum eyðilagðist megnið af plöntunum. Einnig varð ofþornun í köntum og drapst talsvert af plöntum í öðrum kantinum og einnig dró úr vexti af þessum sökum.

## Hús 2

Áburðargjöf: Byrjað var að gefa áburð upp úr miðjum júní. Nokkuð vel gekk að halda leiðnitölu á réttu róli allan-tímann.

Sveddaúðun: 22/5: 0,15% Orthocid

06/8: 0,20% Euparen

21/8: 0,20% Benlate og 0,10% Euparen (bara lerkið úðað)

04/9: 0,20% Euparen (allt úðað nema grenið)

Vöxtur (cm):	02/8	16/8	02/10
Lerki	7-10	10-13	14-18
Birki	20-25		
Greni	ca 3	5-8	10-15
Fura		10-13	10-12

9/9 hafði megnið af lerkinu myndað endabrum.

Annað: Mjög seint var byrjað að fylgjast reglulega með bökkunum, þar sem ákveðið var að upphafspunkturinn yrði grisjun. Hins vegar fór það svo að grisjun var ekki að fullu lokið í húsinu fyrr en 10/7. Sumt var grisjað tvisvar, þ.e. blágreni í 60 gata bökkum, stafafura, bergfura, birki og elri.

Aðeins bar á afföllum líklega af völdum sveppa, stuttu eftir spírun í blágreni og stafafuru. Þetta kom þó ekki að mikilli sök því eftir var að grisja og prikkla í tóm göt. Þetta gæti þó haft áhrif á tölur um spírun á þessum tegundum, þar sem eftir var að telja í bökkunum.

Birki var flutt út 7-8/8. Fyrstu dagana eftir að það kom út bar nokkuð á að plöntur félru um, einkum í köntunum.

Athugasemdir: Hæðarmælingar eru ekki nákvæmar. Þær sýna þá hæð sem megnið af plöntunum fellur undir.

## Slöð: Hallormsstaður

Tegund/kvæmi: Rússalerki, Pinéga

Sáningartími: 11/5

Fjöldi gata: 67

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tómrar hólfu	Fjöldi pl. í upphafi sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar afföll
1	298	105	35,23	14	53	67	79,10	53	0,00
2	298	86	28,86	26	41	67	61,19	41	0,00
3	298	70	23,49	23	44	67	65,67	44	0,00
4	298	56	18,79	34	33	67	49,25	33	0,00
5	298	63	21,14	20	47	67	70,15	47	0,00
6	298	65	21,81	19	48	67	71,64	48	0,00
7	298	74	24,83	21	46	67	68,66	46	0,00
8	298	56	18,79	31	36	67	53,73	36	0,00
9	298			19	48	67	71,64	48	0,00
10	298			17	50	67	74,63	50	0,00
11	298	60	20,13	23	44	67	65,67	44	0,00
12	298	65	21,81	24	43	67	64,18	42	2,33
13	298	61	20,47	22	45	67	67,16	45	0,00
14	298	79	26,51	19	48	67	71,64		
15	298			17	50	67	74,63	50	0,00
16	236	76	32,20	20	47	67	70,15	47	0,00
17	236	63	26,69	24	43	67	64,18	43	0,00
18	236	63	26,69	24	43	67	64,18	43	0,00
19	236			30	37	67	55,22	37	0,00
20	236	56	23,73	31	36	67	53,73	36	0,00
21	236	67	28,39	21	46	67	68,66	46	0,00
22	236	58	24,58	27	40	67	59,70	40	0,00
23	236	65	27,54	22	45	67	67,16	45	0,00
24	236	63	26,69	22	45	67	67,16	45	0,00
25	236			21	46	67	68,66	45	2,17
26	236	42	17,80	28	39	67	58,21	38	2,56
27	236				67		0,00		
28	236	54	22,88	12	55	67	82,09	55	0,00
29	236	53	22,46	15	67	67	100,00	67	0,00
30	236	70	29,66	24	67	67	100,00	67	0,00
Meðaltal		65,42	24,63	22,414	45,931	67	66,269	45,75	0,39

Tegund/kvæmi: Birki, Mörk Hallormsstað

Sáningartími: 30-May

Fjöldi gata: Dreifsáð

35

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tómrar hólfu	Fjöldi pl. í upphafi sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar afföll
1		173		1	34	35	97,14	34	0,00
2		559		1	34	35	97,14	33	2,94
3		308		0	35	35	100,00	35	0,00
4		293		0	35	35	100,00	35	0,00
Meðaltal		333,25		0	34,5	35	98,571	34,25	0

Tegund/kvæmi: Rússalerki, Imatra  
 Sáningartími: 30/5  
 Fjöldi gata: 67/95

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tömra hólfu	Fjöldi pl. í upphafl sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar attöll
1	241	64	26,56	21	46	67	68,66	46	0,00
2	241	99	41,08	11	56	67	83,58	56	0,00
3	342	112	32,75	27	68	95	71,58	68	0,00
4	342	97	28,36	35	60	95	63,16	60	0,00
5	241	74	30,71	25	42	67	62,69	42	0,00
6	241	96	39,83	14	53	67	79,10	53	0,00
7	241	128	53,11	6	61	67	91,04	61	0,00
8	241	105	43,57	10	57	67	85,07	57	0,00
9	241	102	42,32	10	57	67	85,07	57	0,00
10	241	75	31,12	17	50	67	74,63	50	0,00
11	241	103	42,74	19	48	67	71,64	48	0,00
12	241	127	52,70	17	50	67	74,63	50	0,00
13	241	157	65,15	7	60	67	89,55	60	0,00
14	241	101	41,91	8	59	67	88,06	59	0,00
Meðaltal		102,86	40,85	16,214	54,786	71	77,748	54,786	0

Tegund/kvæmi: Rússalerki, Vilhelminmaki  
 Sáningartími: 30-May  
 Fjöldi gata: 67/95

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tömra hólfu	Fjöldi pl. í upphafl sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar attöll
1	268	113	42,16	8	59	67	88,06	59	0,00
2	380			34	61	95	64,21	61	0,00
3	380	157	41,32	17	78	95	82,11	78	0,00
4	380	137	36,05	29	66	95	69,47	66	0,00
5	380	78	20,53	40	55	95	57,89	53	3,64
6	380	89	23,42	35	60	95	63,16	60	0,00
7	380	111	29,21	29	66	95	69,47	66	0,00
8	380	108	28,42	29	66	95	69,47	66	0,00
9	380	108	28,42	25	70	95	73,68	68	2,86
10	380	117	30,79	25	70	95	73,68	69	1,43
11	380	121	31,84	22	73	95	76,84	72	1,37
12	380	143	37,63	16	79	95	83,16	79	0,00
Meðaltal		116,55	31,8	25,75	66,917	92,667	72,601	66,417	0,75

Tegund/kvæmi: Blágreni, Rio Grande  
 Sáningartími: 30-May Dreifsað  
 Fjöldi gata: 60

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tömra hólfu	Fjöldi pl. í upphafl sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar attöll
1		250		0	60	60	100,00	59	1,67
2		133		8	52	60	86,67	51	1,92
Meðaltal		191,5		4	56	60	93,333	55	1,79

Tegund/kvæmi:  
Sáningartími:  
Fjöldi gata:

Blágreni, Rio Grande  
30-May  
35

Nr. bakka	Sáð- magn	Spírun	% spírun	Fjöldi tómra hólfu	Fjöldi pl. í upphafl sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar aftöll
1	70	48	68,57	8	35	35	100,00	33	5,71
2	70	25	35,71	18	35	35	100,00	21	40,00
3	70	61	87,14	5	35	35	100,00	34	2,86
4	70	57	81,43	5	35	35	100,00	35	0,00
5	70	40	57,14	9	35	35	100,00	32	8,57
6	70	45	64,29	7	35	35	100,00	34	2,86
Meðaltal		46,00	65,71	8,6667	35	35	100	31,5	10,00

Tegund/kvæmi:  
Sáningartími:  
Fjöldi gata:

Stafafura, Taraldsøy  
24-May  
60

Nr. bakka	Sáð- magn	Spírun	% spírun	Fjöldi tómra hólfu	Fjöldi pl. í upphafl sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar aftöll
1	120	76	63,33	7	60	60	100,00	59	1,67
2	120	73	60,83	10	60	60	100,00	60	0,00
Meðaltal		74,50	62,08	8,5	60	60	100	59,5	0,83

Tegund/kvæmi:  
Sáningartími:  
Fjöldi gata:

Fjallaþinur, Skagway  
24-May  
35

Nr. bakka	Sáð- magn	Spírun	% spírun	Fjöldi tómra hólfu	Fjöldi pl. í upphafl sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar aftöll
1	70	15	21,43	23	12	35	34,29	17	-41,67
2	70	7	10,00	28	7	35	20,00	9	-28,57
Meðaltal		11,00	15,71	25,5	9,5	35	27,143	13	-36,84

Tegund/kvæmi:  
Sáningartími:  
Fjöldi gata:

Sitkagreni, Seward  
24-May  
35

Nr. bakka	Sáð- magn	Spírun	% spírun	Fjöldi tómra hólfu	Fjöldi pl. í upphafl sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar aftöll
1	70	63	90,00	1	34	35	97,14	34	0,00
2	70	73	104,29	0	35	35	100,00	35	0,00
3	70	87	124,29	0	35	35	100,00	35	0,00
4	70	109	155,71	0	35	35	100,00	35	0,00
Meðaltal		98,00	118,57	0,25	34,75	35	99,286	34,75	0

Tegund/kvæmi: Sitkabastarður, Seward  
 Sáningartími: 24-May  
 Fjöldi gata: 35

Nr. bakka	Sáð- magn	Spirun	% spirun	Fjöldi tómra hólfu	Fjöldi pl. í upphafi sumars	Fjöldi hólfu	% nýting	Fjöldi pl. í lok sumars	% Sumar attöll
1	70	51	72,86	4	31	35	88,57	31	0,00
2	70	43	61,43	6	29	35	82,86	29	0,00
3	70								
4	70	61	87,14	1	34	35	97,14	34	0,00
<b>Meðaltal</b>		<b>51,67</b>	<b>73,81</b>	<b>3,6667</b>	<b>31,333</b>	<b>35</b>	<b>89,524</b>	<b>31,333</b>	<b>0</b>

## Skógræktarfélag Reykjavíkur

Þær tegundir trjáplantna sem sáð var til í fjölpottabakka í ár voru auk birkis sjö tegundir barrviða. Aðallega var sáð í 35-hólf BS-bakka (ca  $150 \text{ cm}^3$  hvert hólf) en einnig var sáð í 40-hólf BCC-bakka (ca  $93 \text{ cm}^3$  hvert hólf).

Öllum barrviðartegundunum var sáð inni í gróðurhúsi með kyndingu. Mestum hluta birkisins var sáð inni í óupphituðum plastdúkhúsum. Sáðbeðurinn sem notaður var í allar sáningarnar var sphagnum mosi, Finnpeat B6.

Prófað var að strá Perlite á hluta af sáningum nokkurra tegunda, en efnið hefur ekki verið notað áður.

Í vor var tekinn í notkun nýr tölvubúnaður sem stýrir loftslaginu í gróðurhúsunum eftir uppgefnum gildum. Í sumar höfum við verið að prófa okkur áfram með þennan nýja búnað. Þannig að umfjöllun um áburðargjöf/vökvun er alveg sleppt úr dagbókinni. Það sem almennt má segja eftir sumarið er að öll áburðargjöf umfram það sem blandað er í sáðbeðinn af framleiðanda er í formi áburðarvökvunar. Fyrsta áburðarvökvunin var framkvæmd ca. 2. vikum eftir að plönturnar voru komnar upp með leiðnitölum 0,5. Þegar plönturnar höfðu náð meiri þroska var styrkur áburðarvatnsins aukinn í leiðnitölum 0,8. Sáningarnar voru alltaf vökvædar með áburðarvatni þegar þær voru á annað borð vökvædar. Tíðni vökvunar var talsvert tíð í sumar, en henni var aðallega stjórnad með uppgufunarmæli.

Þar sem plönturnar eru almennt vel, höfðu fallegan lit og voru heilbrigðar var styrkur áburðarins í vökvunarvatninu aldrei aukinn heldur hélst hinn sami allt sumarið. Hlutföll áburðarefna í vökvunarvatninu voru einnig látin haldast óbreytt fram eftir sumri. Hlutfall köfnunarefnis var síðan lækkað seinni hluta sumars eð fyrri part hausts misjafnt eftir tegundum og þroska. Vökvun var einungis stillt á næturtíma.

